

Brunavarnir Húnaþings vestra

Stjórnsýslu úttekt og tillögur

Húnaþing vestra

Unnið fyrir bæjarstjórn

Samantekt

Inngangur

- Að beiðni forsvarsmanna Húnaþings vestra tók skýrsluhöfundur að sér að gera almenna stjórnsluúttekt á Brunavörnum Húnaþings vestra.
- Kallað var eftir upplýsingum frá sjö næstu minni sveitarfélögum og sex næstu stærri hvað íbúafjölda varðar en Húnaþing vestra varðandi rekstrarfyrirkomulag og rekstrarútgjöld vegna brunavarna.
- Leggja ber áherslu á að samkvæmt upplýsingum frá sveitarstjóra hefur Brunavarnaráætlun fyrir Húnaþing vestra 2013-2017 ekki fengið samþykki Mannvirkjastofnunar eins og 13. gr. laga nr. 75/2000 kveður á um.
- Stjórnsluúttekt þessi kemur ekki í stað slíkrar samþykktar né má líta á hana sem athugasemd við brunavarnaráætlunina. Allt slíkt er á verksviði Mannvirkjastofnunar.
- Stjórnsluúttektin snýr svo til eingöngu að rekstrarfyrirkomulagi og kostnaði við rekstur Brunavarna Húnaþings vestra.

Brunavarnaráætlun Húnaþings vestra 2013 - 2017

- Eins og fram kemur í lögnum þarf samþykki Mannvirkjastofnunar fyrir brunavarnaráætlun. Með hliðsjón af ákvæðum laganna má ætla að eðlilegur farvegur sé að fyrst liggi fyrir samþykkt brunavarnaráætlun af Mannvirkjastofnun áður en hún er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn.
- Komi til þess að Mannvirkjastofnun samþykki ekki brunavarnaráætlunina, þá með tilvísun til laga og/eða reglugerða um brunavarnir, þarf sveitarstjórn að taka áætlunina fyrir að nýju og þá breytta.
- Við lestur brunavarnaráætlunarinnar kemur fram að nokkuð vantar upp á að ýmis mikilvæg gögn séu til staðar eða fullfrágengin. Í áætluninni eru tilteknar tímasetningar um hvenær þessi gögn eigi að liggja fyrir fullbúin.
- Það er mat skýrsluhöfundar að það myndi gera vinnu slökkviliðsstjóra auðveldari og markvissari ef fyrir lægi tímasett áætlun um framkvæmd framangreindra atriða.
- Í upptalningunni hér að framan eru mörg öryggisatriði sem að mati skýrsluhöfundar má ekki dragast að hrinda í framkvæmd.

Stjórnskipan

- Slökkviliðsmenn ásamt stjórnendum eru samtals 26.
- Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs er næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra.

- Starfssvið slökkviliðsstjóra er eitt af fáum störfum hjá sveitarfélögum sem kveðið er á um í lögum hver starfsskylda þeirra er.
- Með hliðsjón af því hverjar starfsskyldur slökkviliðsstjóra eru og mikilvægi öryggismála í hverju sveitarfélagi er það mat skýrsluhöfundar að það færi betur ef næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra væri sveitarstjóri.
- Einnig má færa rök fyrir því að verksvið slökkviliðsstjóra falli nokkuð fyrir utan verksvið sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.
- Oftar en ekki, þar sem skýrsluhöfundur þekkir til og skipulagið er með sama hætti og hjá Húnaþingi vestra, hefur komið fram að lítil ef nokkur samskipti eigi sér stað á milli viðkomandi sviðsstjóra og slökkviliðsstjóra.
- Samkvæmt skipuritinu eins og það er nú heyrir slökkviliðsstjóri, sem á að hafa eftirlit með ákveðnum öryggisþáttum hjá sveitarfélaginu, undir þann aðila, sem á að bregðast við athugasemdum slökkviliðsstjóra og sjá til þess að þessir þættir séu í lagi hvað sveitarfélagið varðar.
- Starfshlutfall slökkviliðsstjóra er mismunandi í þessum samanburði. Frá því að vera 100% niður í 8,4% eins og það er í Grundarfjarðarbæ.
- Eins og tafla 1 sýnir er nokkuð mismunandi hvort sveitarfélög greiði fyrir bakvaktir vegna slökkviliða.
- Sum sveitarfélög, eins og t.d. Þingeyjarsveit, Vesturbyggð, Stykkishólmur og Snæfellsbær, greiða ekki fyrir bakvaktir.
- Síðan eru önnur sem greiða fyrir bakvaktir um helgar og svo enn önnur sem greiða alltaf fyrir bakvaktir utan reglulegs vinnutíma eins og Húnaþing vestra gerir.

Rekstur Brunavarna Húnaþings vestra

- Bakvaktir eru frá kl. 17:00 á virkum dögum til kl. 8:00 næsta virka dag. Alla daga vikunnar.
- Þannig hefst bakvakt kl. 17:00 á föstudegi og stendur til kl. 8:00 á mánudagsmorgni.
- Slökkviliðsmaður á bakvakt annast einnig símsvörun fyrir áhaldahús, vöktun á búnaði hitaveitu og vatnsveitu, bilanir í sundlaug og vigtun á hafnarvog
- Eins og tafla 2 sýnir eru laun vegna bakvaktar frá kl. 17:00 til kl. 8:00 næsta dag 7.935 kr. Auk þess þarf að greiða orlof og launatengd gjöld. Að því meðtöldu áætlast kostnaðurinn samtals 10.535 kr.
- Miðað við 52 vikur og fjóra daga í viku gerir þetta samtals 2.249 þús. kr. fyrir allt árið.
- Helgarvakt, þ.e. frá kl. 17:00 á föstudegi til kl. 8:00 á mánudagsmorgni, kostar með launum og launatengdum gjöldum samtals 39.651 kr.
- Í 52 vikur gerir það samtals vegna helgarvakta 2.062 þús. kr.
- Samtals áætlast kostnaður við eina bakvakt allt árið 4.311 þús. kr.

- Þannig má ljóst vera að nokkuð mikill kostnaður fellur til vegna bakvakta.
- Slökkviliðsstjóri starfar í 50% starfi sem slökkviliðsstjóri og 50% í þjónustumiðstöð. Hann byrjar daginn í þjónustumiðstöð kl. 7:30 og er þar til kl. 11.30 og fer á slökkvistöð að afloknu hádegishléi og er við störf að brunavörnum til kl. 16:00.
- Fram kom í viðræðum við slökkviliðsstjóra að skipting á vinnudegi á þennan hátt (á milli þjónustumiðstöðvar og brunavarna) gerði vinnudaginn ekki eins markvissan og hann gæti verið ef unnið væri við sömu störf í heilan dag.
- Fram kom í máli slökkviliðsstjóra að hann hafi ekki átt reglulega fundi með sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.
- Fram kom í máli slökkviliðsstjóra að betra væri að hafa annað hvort kerfið, þ.e. að annað hvort hefði hann alltaf bifreið sem hentar starfinu frá sveitarfélaginu eða hann notaði alltaf sína bifreið og fengi þá greitt fyrir það.
- Fram kom í máli slökkviliðsstjóra að hann hefði ekki getað sinn eldvarnareftirlitinu sem skyldi.
- Það myndi leysa ýmsan vanda ef opnunartími á höfninni væri ákveðinn sérstaklega.
- Sorphirðuverktaki hefur frítt spil um það hvenær hann vigtar. Hann þarf að reyna að stíla vigtun inn á dagvinnutíma en ekki er krafa um það. Æskilegt væri að krafa væri um að vigtun færi fram á dagvinnutíma vegna verktakans.
- Af samanburðar sveitarfélögum voru heildarútgjöld án innri leigu næst hæst hjá Húnaþingi vestra. Hæst voru útgjöldin hjá Dalvíkurbyggð, sem er með 685 fleiri íbúa.
- Einungis Dalvíkurbyggð er einnig með hærri launakostnað en Húnaþing vestra.
- Þegar annar rekstrarkostnaður er skoðaður hjá sveitarfélögum, sem ekki voru að greiða þátttökugjöld vegna samrekinna slökkviliða, er sá útgjaldaliður einungis hærri hjá Vesturbyggð en hjá Húnaþingi vestra.
- Slökkviliðsstjóri hefur haft til skoðunar að gera tillögu um frekari innheimtu á þóknun fyrir störf brunavarna Húnaþings vestra.
- Miðað við þennan samanburð (tafla 3) koma Brunavarnir Húnaþings vestra ekki vel út, þ.e. útgjöld eru hærri en almennt gerist hjá samanburðar sveitarfélögum, a.m.k. miðað við árið 2012.
- Eins og fram kemur í töflunni er kostnaður vegna bakvakta hærri en launagreiðslur til slökkviliðsmanna samtals að undanskyldum launum slökkviliðsstjóra.
- Ef launatengd gjöld vegna bakvakta á árinu 2012 eru tekin með var heildar kostnaðurinn vegna bakvakta á árinu 2012 um 4.300 þús. kr.
- Þegar launakostnaðurinn er skoðaður er einungis eitt sveitarfélag með hærri launakostnað á hvern íbúa í þessum samanburði en Húnaþing vestra.

- Síðan er Vesturbyggð með örlítið lægri kostnað en Húnaþing vestra.
- Önnur sveitarfélög eru með nokkuð lægri launakostnað á hvern íbúa en Húnaþing vestra.
- Sömuleiðis er einungis eitt sveitarfélag með hærri annan rekstrarkostnað á hvern íbúa en Húnaþing vestra af þeim sem ekki greiða gjald vegna samreksturs brunavarna.
- Samtals kostnaður að frádregnum tekjum án innri leigu á hvern íbúa var hæstur hjá Húnaþingi vestra af þessum sveitarfélögum, eða 12.892 kr. á hvern íbúa.
- Af þessu má ljóst vera, a.m.k. í samanburði við útgjöld hjá samanburðar sveitarfélögunum vegna brunavarna, að útgjöldin eru há hjá Húnaþingi vestra.
- Eins og fram kemur í töflu 5 eru útgjöldin hjá flestum þeirra sveitarfélaga, sem eru í samrekstri með brunavarnir, lægri en hjá hinum sveitarfélögunum sem reka sjálf sínar brunavarnir.
- Svo virðist sem hagur sé í því fyrir sveitarfélög að reka saman brunavarnir hvað varðar útgjöld. Útgjöldin virðast vera lægri hjá þeim sveitarfélögum sem gera það.

Húsnæði, bifreiðar og búnaður

- Varðandi húsnæði kemur fram að ekki er baðaðstaða fyrir slökkviliðsmenn á slökkvistöð. Það er mat skýrsluhöfundar að slík aðstaða sé nauðsynleg á slökkvistöð.
- Hjá litlum sveitarfélögum er fjárfesting í nýjum slökkvibílum stór ákvörðun þar sem slökkvibílar með öllum búnaði eru dýrir.
- Það er mat skýrsluhöfundar að hjá litlum sveitarfélögum á Íslandi, þegar keyptir eru nýir bílar, sé fjárfestingin til næstu 30 til 40 ára.
- Aldur slökkvibifreiða er nokkuð afstæður vegna lítilla notkunar. Þannig að taka þarf þessa báða þætti til skoðunar þegar ákvörðun er tekin um að skipta bifreið út.
- Af hverju þarf að endurnýja bifreið ef hún sinnir hlutverki sínu ágætlega bara vegna þess að hún er orðin gömul?
- Það er mat skýrsluhöfundar að umræddar bifreiðar eigi alveg að geta komið að fullum notum næstu fimm til sjö ár. Rétt er að fram komi að skýrsluhöfundur hefur leitað álits fagaðila varðandi þessa niðurstöðu.

Tillögur

- **Lagt er til að slökkviliðsstjóri geri tímasetta verkáætlun yfir þau verk sem þarf að vinna og henni verð fylgt eftir.**
- **Lagt er til að skoðað verði hvort störf slökkviliðsstjóra yrðu markvissari ef hann**

ygni tvo heila og einn hálfan dag í viku hverri við brunavarnir í staðinn fyrir hálfan dag alla virka daga vikunnar eins og nú er.

- Lagt er til að skoðað verði hvort ekki sé æskilegt að sveitarstjóri sé næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra.
- Lagt er til að slökkviliðsstjóri eigi reglulega fundi, t.d. vikulega, með sínum næsta yfirmanni.
- Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að hætt verði að greiða fyrir bakvaktir a.m.k. á virkum dögum.
- Lagt er til að næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra samþykki tímaskýrslur hans.
- Lagt er til að bifreiðanot slökkviliðsstjóra verði sett í ákveðinn farveg.
- Lagt er til að kannað verði hvort ekki sé hægt að setja ákvæði inn í samning við verktaka um sorp, að öll vigtun á sorpi á hafnarvigti fari fram á dagvinnutíma og á virkum degi.
- Lagt er til að opnunartími hafnarinnar verði ákveðinn sérstaklega. Jafnframt ef þjónustukaupi þarf á þjónustu hafnarinnar að halda utan opnunartíma þurfi beiðni þar um að berast á opnunartíma hafnarinnar.
- Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að innheimta frekari gjöld fyrir þjónustu Brunavarna Húnaþings vestra.
- Lagt er til að gerðar verð ráðstafanir til þess að slökkviliðsmenn geti farið í sturt á slökkvistöð.
- Lagt er til að gerð verði áætlun til næstu 10 ára um endurnýjun á bifreiðum brunavarna Húnaþings vestra.
- Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að sameina slökkvilið Húnaþings vestra við annað slökkvilið.

Lokaorð

- Leggja ber áherslu á að Brunavarnaráætlun fyrir Húnaþing vestra fái samþykki Mannvirkjastofnunar.
- Eins og fram kemur í brunavarnaráætlun, sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn, vantar nokkuð upp á að ýmsir öryggisþættir séu eins og vera ber.
- Leggja verður áherslu á að gerð verði tímasett áætlun um framkvæmd þessara þátta og henni verði fylgt eftir.
- Það er mat skýrsluhöfundar að útgjöld við brunavarnir í Húnaþingi vestra séu há, a.m.k. í samanburði við það sem er hjá samanburðar sveitarfélögunum.

Efnisyfirlit

GREINING	8
INNGANGUR.....	8
BRUNAVARNARÁÆTLUN HÚNAÞINGS VESTRA 2013 TIL 2017	8
STJÓRNSKIPAN	11
REKSTUR BRUNAVARNA HÚNAÞINGS VESTRA	13
HÚSNÆÐI, BIFREIÐAR OG BÚNAÐUR	18
TILLÖGUR	21
1. TÍMASETT VERKÁÆTLUN.....	21
2. VINNUTÍMI SLÖKKVILÐSSTJÓRA.....	21
3. NÆSTI YFIRMAÐUR SLÖKKVILÐSSTJÓRA	22
4. REGLULEGIR FUNDIR.....	22
5. BAKVAKTIR.....	22
6. SAMÞYKKI Á TÍMASKÝRSLU	23
7. AKSTUR SLÖKKVILÐSSTJÓRA	23
8. VIGTUN Á SORPI	23
9. OPNUNARTÍMI HAFNAR	23
10. GJALDTAKA	23
11. STURTUR.....	24
12. ÁÆTLUN TIL 10 ÁRA UM ENDURNÝJUN Á BIFREIÐUM	24
13. SAMEINING SLÖKKVILÐA	24
LOKAORÐ	25

Greining

INNGANGUR

Að beiðni forsvarsmanna Húnaþings vestra tók skýrsluhöfundur að sér að gera almenna stjórnýsluúttekt á Brunavörnum Húnaþings vestra. Beiðnin var sett fram með vísan til eftirfarandi samþykktar sveitarstjórnar frá 20. júní 2013.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða brunavarnaráætlun Húnaþings vestra 2013-2017 og felur sveitarstjóra að senda áætlunina til staðfestingar Mannvirkjastofnunar. Í tengslum við afgreiðslu áætlunarinnar samþykkir sveitarstjórn að ráðast í gerð almennrar stjórnýsluúttektar á Brunavörnum Húnaþings vestra og skulu niðurstöður þeirrar úttektar liggja fyrir eigi síðar en 1. október nk.

Við vinnslu verkefnisins átti skýrsluhöfundur fund með sveitarstjóra, oddvita sveitarstjórnar, sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs, rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs og slökkviliðsstjóra. Fengnar voru upplýsingar úr bókhaldi sveitarfélagsins varðandi Brunavarnir Húnaþings vestra. Einnig var kallað eftir upplýsingum frá sjö næstu minni sveitarfélögum og næstu sex stærri hvað íbúafjöldi varðar en Húnaþing vestra, varðandi rekstrarfyrirkomulag og rekstrarútgjöld vegna brunavarna hjá þessum sveitarfélögum.

Stuðst var við ný samþykktu af sveitarstjórn brunavarnaráætlun Brunavarna Húnaþings vestra fyrir árin 2013-2017, ásamt ýmsum öðrum gögnum sem skýrsluhöfundur fékk frá sveitarfélaginu.

Leggja ber áherslu á að samkvæmt upplýsingum frá sveitarstjóra hefur Brunavarnaráætlun fyrir Húnaþing vestra 2013-2017 ekki fengið samþykki Mannvirkjastofnunar eins og 13. gr. laga nr. 75/2000 kveður á um.

Stjórnýsluúttekt þessi kemur ekki í stað slíkrar samþykktar né má líta á hana sem athugasemd við brunavarnaráætlunina. Allt slíkt er á verksviði Mannvirkjastofnunar. Stjórnýsluúttektin snýr svo til eingöngu að rekstrarfyrirkomulagi og kostnaði við rekstur Brunavarna Húnaþings vestra.

Öllum framangreindum aðilum eru þökkuð hreinskiptin og opin svör við öllu sem varðar greiðan framgang verkefnisins. Tekið skal skýrt fram að þeir aðilar, sem leitað var til, bera enga ábyrgð á því sem fram kemur í skýrslunni. Allt sem þar stendur er á ábyrgð skýrsluhöfundar.

BRUNAVARNARÁÆTLUN HÚNAÞINGS VESTRA 2013 TIL 2017

Í 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 segir eftirfarandi:

Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Mannvirkjastofnun gefur út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar.

Á fundi sveitarstjórnar þann 20. júní 2013 var Brunavarnaráætlun Húnaþings vestra 2013 til 2017 samþykkt. Í samþykktinni segir eftirfarandi:

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða brunavarnaráætlun Húnaþings vestra 2013-2017 og felur sveitarstjóra að senda áætlunina til staðfestingar Mannvirkjastofnunar. Í tengslum við afgreiðslu áætlunarinnar samþykkir sveitarstjórn að ráðast í gerð almennrar stjórnýsluúttektar á Brunavörnum Húnaþings vestra og skulu niðurstöður þeirrar úttektar liggja fyrir eigi síðar en 1. október nk.

Eins og fram kemur í lögnum þarf samþykki Mannvirkjastofnunar fyrir brunavarnaráætlun. Með hliðsjón af ákvæði laganna má ætla að edlilegur farvegur sé að fyrst liggja fyrir samþykkt brunavarnaráætlun af Mannvirkjastofnun áður en hún er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn.

Komi til þess að Mannvirkjastofnun samþykkir ekki brunavarnaráætlunina, þá með tilvísun til laga og/eða reglugerða um brunavarnir, þarf sveitarstjórn að taka áætlunina fyrir að nýju og þá breytta. Samkvæmt upplýsingum frá Mannvirkjastofnun (30.9. 2013) er brunavarnaráætlunin nú til yfirlestrar hjá stofnuninni.

Við lestur brunavarnaráætlunarinnar kemur fram að nokkuð vantar upp á að ýmis mikilvæg gögn séu til staðar eða fullfrágengin. Í áætluninni eru tilteknar tímasetningar um hvenær þessi gögn eigi að liggja fyrir fullbúin. M.a. er um að ræða eftirfarandi, sem tekið var úr áætluninni:

- ✓ *Við gerð brunavarnaáætlunar á að gera áhættumat, bæði við almennar aðstæður sem og almannavarnaáætlun, sem er mikilvægt upphafsgildi þegar brunavarnaáætlun er samin eða endurskoðuð. Ekki er til áhættumat fyrir svæðið en unnið verður að því næstu 24 mánuði og ef áhættan verður talin meiri en nú verður brunavarnaráætlunin endurskoðuð.*
- ✓ *Ein helsta forsenda fyrir brunavarnaáætlun er að gerðar verði viðbragðsáætlanir, s.s. slökkviáætlanir og mengunarvarnaáætlanir a.m.k. yfir allar stærstu og erfiðustu áhættur á svæði slökkviliðsins. Unnið er að því öðru hverju af slökkviliðsstjóra og verður verkinu lokið árið 2014.*
- ✓ *Mengunar- og slökkviáætlanir eru ekki til fyrir stærri áhættur innan starfssvæðisins, en þær verða unnar í framhaldi af gerð þessarar áætlunar, og verði lokið á árinu 2013.*
- ✓ *Slökkvilið BHV er fært um að fást við minniháttar mengunarslys, búnaður liðsins er af skornum skammti en aðeins eru til tveir eitrefnagallar og 1 skoltjald en töluvert af uppsogsbúnaði og hreinsiefnum. Ef alvarlegt slys á sér stað er haft samband við Neyðarlínu sem sér um að kalla út viðbótarbúnað og aðstoð frá Slökkviliði Akureyrar eða SHS. Ekki er þó formlegur samningur þar um en samningar þess efnis verða kláraðir á árinu 2013.*
- ✓ *Viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa hefur ekki verið gerð en stefnt er að því að klára þá vinnu á árinu 2013. Slökkvilið Brunavarna Húnaþings vestra sinnir þessum þætti.*
- ✓ *Skoðunarskyldir staðir sem skoða þarf einu sinni á ári á starfssvæði BHV eru um 58 þar af u.þ.b. 27 skoðanir á Hvammstanga, 5 skoðanir á Borðeyri og um 26 í dreifbýli þá eru á starfsvæðinu um 153 lögbyli sem skoða ber þriðja hvert ár. Eldvarnareftirliti hefur ekki verið sinnt samkvæmt ströngustu reglum á starfssvæðinu á undangengnum árum, nema þar sem um leyfisveitingar er að ræða. Slökkviliðsstjóri sinnir eldvarnareftirliti samhliða öðrum störfum*

samkvæmt ráðningarsamningi. Eldvarnareftirlit skal vera í samræmi við lög nr. 75./2000 svo og reglugerð um Eldvarnareftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun frá 7. apríl 1994. Ekki hefur tekist að framfylgja fyrrgreindum lögum á starfsvæði BHV en með samstilltu átaki þar sem verður áfram reynt að efla eldvarnareftirlit þannig að skoðunarskyldu sveitarfélagsins verði fullnægt og það verði komið í lag eigi síðar en í lok árs 2014.

- ✓ Slökkvilið Brunavarna Húnaþings vestra sinnir aðstoð við slökkvistörf á öðrum brunavarnarsvæðum samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra. Engir skriflegir samningar eru til í dag um þessa samvinnu en viðkomandi sveitarfélag greiðir útkall samkvæmt reikningi. Búið er að gera drög af samningum og leggja fyrir sveitastjórnir nágrannasveitarfélaganna Borgarbyggð, Dalabyggð, Strandabyggð og Austur Húnavatnssýslu gagnkvæma aðstoð án gjaldtöku og verður gengið frá þeim samningum á árinu 2013. (Samningar samþykktir og undirritaðir við Brunavarnir Borgarbyggðar og Dalabyggðar, samningur samþykktur en óundirritaður við Brunavarnir Austur Húnavatnssýslu)
- ✓ Engir skriflegir samningar eru þó til milli Brunavarna Húnaþings vestra og annarra björgunaraðila en til stendur að klára þá fyrir lok árs 2013.
- ✓ Í umfangsmeiri óhöppum er kallað eftir viðbótaraðstoð frá öðrum slökkviliðum s.s. Blönduós, SHS og SA og skal samningum um slíka aðstoð verið lokið á árinu 2013.
- ✓ Slökkviliðið sinnir aðstoð við slökkvistörf, björgun á fastklemmdu fólki ásamt viðbragði við mengunaróhöppum í nágrannasveitarfélögum samkvæmt beiðni samkvæmt óundirrituðum samningum þar um.
- ✓ Við almannavarnaáætlun er unnið eftir nýsamþykktu skipulagi Almannavarna Húnavatnssýslna. Einnig eru kominn drög að viðbragðsáætlun vegna hópslysa í Húnavatnssýslum.
- ✓ Unnið er að því að koma á formlegum samningum um gagnkvæma aðstoð án endurgjalds milli nágrannaslökkviliða og er þá horft til Blönduós, Borgarnes, Búðardals og Strandabyggðar. sú vinna er á lokastigi og er stefnt að því að þessir samningar verði undirritaðir á árinu 2013.
- ✓ Í fyrsta bil (Tækjabíl) eru staðháttalýsingar af hverjum sveitabæ í Húnaþingi vestra með upplýsingum um vatnsból og allar byggingar, þó vantar upplýsingar um bæi í fyrrum Bæjarhreppi.
- ✓ Í tækjabíl slökkviliðs eru upplýsingar um vatnstökustaði í dreifbýli en upplýsingar vantar vegna bæja í fyrrum Bæjarhreppi.
- ✓ Nokkrar af stærstu áhættum BHV eru settar fram hér að neðan, og slökkviáætlun verður gerð fyrir þessar byggingar og verður því verki lokið á árinu 2013.

Það er mat skýrsluhöfundar að það myndi gera vinnu slökkviliðsstjóra auðveldari og markvissari ef fyrir lægi tímasett áætlun um framkvæmd framangreindra atriða. Sömuleiðis að gerð verði áætlun um framkvæmd eldvarnareftirlits. Í áætluninni væri tekið fram hvaða vinna færi fram í hverri viku o.s.frv.


Í upptalningunni hér að framan eru mörg öryggisatriði sem að mati skýrsluhöfundar má ekki dragast að hrinda í framkvæmd. Má þar nefna áhættumat sem eins og segir hér að framan er upphafsgildi brunavarnaráætlunar. Einnig er rétt að nefna sérstaklega að ekki liggja fyrir tæmandi upplýsingar um bæi og vatnstökustaði við bæi í fyrrum Bæjarhreppi. Mikilvægt er að fyrir liggja tímasett áætlun um hvenær þessu verði komið í lag. Leggja ber áherslu á að hér er um öryggisþætti að ræða, sem gætu haft alvarlegar afleiðingar ef þeir eru ekki í lagi.

STJÓRNSKIPAN

Samkvæmt skipuriti fyrir Brunavarnir Húnaþings vestra eru yfirmenn slökkviliðsstjóri og tveir varaslökkviliðsstjórar. Síðan eru tvö útkallssvið. Annars vegar er útkallslíð slökkviliðs Hvammstanga, sem er skipað 17 mönnum, og hins vegar útkallslíð slökkviliðs á Borðeyri, sem er skipað sex mönnum. Þannig eru slökkviliðsmenn samtals með stjórnendum 26.

Yfirmenn slökkviliðsins taka ákvörðun á hverjum tíma hvernig og hvort þessi tvö útkallslíð aðstoði hvort annað. Um það hvernig líðið starfar vísast í Brunavarnaráætlun 2013 – 2017.

Mynd 1: Skipurit Brunavarna Húnaþings vestra



Heimild: Brunavarnaráætlun 2013 – 2017

Mynd 1 sýnir gildandi skipurit fyrir Brunavarnir Húnaþings vestra. Samkvæmt skipuritinu er sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra.

Um starfskyldur slökkviliðsstjóra er kveðið á um í lögum um brunamál nr. 75/2000. Starfssvið slökkviliðsstjóra er eitt af fáum störfum hjá sveitarfélögum sem kveðið er á um í lögum, hver starfsskylda þeirra er. Í 16. gr. laga nr. 75/2000 segir svo um starfsskyldur slökkviliðsstjóra:

Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim. Hann hefur umsjón með öllum tækjum slökkviliðs og eftirlit með virkni brunahana í umdæminu í samráði við rekstraradila viðkomandi vatnsveitu.

Slökkviliðsstjóri stjórnar slökkvistarfi við eldsvoða og hefur stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi. Við þessi störf er löggæslulið og opinberir eftirlitsaðilar undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögregla sér slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að vettvangsstað, stöðvar umferð um nærliggjandi götur, girðir af svæði sem slökkvilið þarf til að gegna störfum sínum, verndar brunarústir sem rannsaka þarf eða bjarga verðmætum úr og varðveitir muni sem bjargað er frá bruna þar til þeir eru afhentir réttum aðila.

Slökkviliðsstjóri skal tilkynna án tafar mengunaróhöpp til heilbrigðiseftirlits. Slökkviliðsstjóra ber að sjá um fræðslu slökkviliðsmanna og þjálfun þeirra í brunavörnum, björgunarstörfum og viðbrögðum við mengunaróhöppum og að haldnar séu reglubundnar æfingar slökkviliðs.

Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.

Með hliðsjón af því hverjar starfsskyldur slökkviliðsstjóra eru og mikilvægi öryggismála í hverju sveitarfélagi er það mat skýrsluhöfundar að það færi betur ef næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra væri sveitarstjóri en ekki sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs eins og nú er.

Einnig og má færa rök fyrir því að verksvið slökkviliðsstjóra falli nokkuð fyrir utan verksvið sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs. Oftar en ekki, þar sem skýrsluhöfundur þekkir til og skipulagið er með sama eða svipuðum hætti og hjá Húnaþingi vestra, hefur komið fram að lítil ef nokkur samskipti eigi sér stað á milli viðkomandi sviðsstjóra og slökkviliðsstjóra.

Skv. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 75/2000 hefur slökkviliðsstjóri eftirlit með að farið sé eftir lögum um brunavarnir og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim. Undir þetta gæti t.d. fallið eldvarnareftirlit með byggingum sveitarfélagsins, ákvæði í byggingarreglugerð o.s.frv. Slökkviliðsstjóri hefur jafnframt eftirlit með virkni brunahana í sveitarfélaginu í samráði við rekstraraðila viðkomandi vatnsveitu. Eins og málum er háttað í Húnaþingi vestra heyrar byggingar sveitarfélagsins og vatnsveita undir sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.

Samkvæmt skipuritinu eins og það er nú heyrir slökkviliðsstjóri, sem á að hafa eftirlit með ákveðnum öryggisþáttum hjá sveitarfélaginu, undir þann aðila, sem á að bregðast við athugasemdum slökkviliðsstjóra og sjá til þess að þessir þættir séu í lagi. Þó þetta gangi dagsdaglega er ekki hægt að mæla með slíku fyrirkomulagi.

Öryggis- og brunamál er einn af mikilvægum þáttum í þjónustu sveitarfélaga. Því verður að ætla að mikilvægt sé að sveitarstjóri, sem jafnframt situr sveitarstjórnarfundum, hafi upplýsingar um alla þessi þætti frá fyrstu hendi. Einnig gætu komið upp atvik, t.d. um fjárútlát, sem þyldu enga bið og ýmis önnur mál, sem betur færi á að slökkviliðsstjóri gæti rætt beint og milliliðalaust við sveitarstjóra.

Það er jafnframt mat skýrsluhöfundar að það færi vel á því að slökkviliðsstjóri ætti reglulega fundi með sveitarstjóra.

Tafla 1: Rekstrarfyrirkomulag brunavarna hjá samanburðar sveitarfélögum

	Íbúa- fjöldi 1. des. 2012	Fjöldi slökkvi- liðsmann	Samrekstur með öðrum sveitarf.	Slökkviliðsstjóri				Vara slökkviliðsstjóri			Bakvaktir		
				Stöðugildi	Föst yfir- vinna	Greitt fyrir aðra yfirvinnu	Annast eldvarnar- eftirlit	Stöðugildi	Föst yfir- vinna	Greitt fyrir aðra yfirvinnu	Er greitt v/ bakvakta?	Um hlegar	Alltaf utan reglulegs vinnutíma
Grundarfjarðarbær	904	18		8,40%	7	Já	Nei	4,20%		Já	Já	x	
Pingeyjarsveit	918	31	Skútustaðahr.	80%		Nei	Já				Nei		
Bolungarvík	924	20		40%		Já		5%	Álagsgr.	Já	Álagsgr. á 150 klst. á mánuði		
Vesturbyggð	935	28		50%	30						Nei		
Eyjafjarðarsveit	1.017		Akureyri	100%			Já				Sólah. vaktir		
Sveitarfélagið Vogar	1.106		BS	100%							Sólah. vaktir		
Stykkishólmur	1.113	18-20				já	Nei			Já	Nei		
Húnaþing vestra	1.174	26		50%	4	já	já				já	x	x
Sveitarfélagið Garður	1.428		BS	100%							Sólah. vaktir		
Rangárþing ytra	1.520	33	Þrjú sveitarf.	30%		já	Nei ¹⁾	20%		já	já	x	x
Sandgerði	1.579		BS	100%							Sólah. vaktir		
Snæfellsbær	1.716	20		Eingreiðsla í júní		Já	Nei	Eingreiðsla í júní		já	Nei		
Rangárþing eystra	1.742	33	Þrjú sveitarf.	30%		já	Nei ¹⁾	20%		já	já	x	x
Dalvíkurbyggð	1.859	26		100%	15	Já	Já	30%		já	Já	x	x

1) Kostnaður vegna eldvarnareftirlits er meðali í gjaldi vegna brunavarna. Sameiginlegur rekstur þriggja sveitarfélaga

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 1 sýnir rekstrarfyrirkomulag brunavarna samanburðar sveitarfélaga hjá næstu sjö minni sveitarfélögum og sex næstu stærri en Húnaþing vestra hvað íbúafjöldi varðar.

Eins og taflan sýnir er fyrirkomulagið nokkuð mismunandi hjá þessum 14 sveitarfélögum. Helmingur þeirra rekur brunavarnirnar í samstarfi með öðrum sveitarfélögum.

Varðandi fjölda slökkviliðsmanna þá er hann frá því að vera 18 og upp í 33. Þar sem eru 33 menn reka þrjú sveitarfélög slökkviliðið saman. Þannig að miðað við þennan samanburð stenst fjöldinn hjá Húnaþingi vestra hann nokkuð vel. Fjöldinn hjá Húnaþingi vestra skýrst af liði sem þarf að vera á Borðeyri vegna fjarlægðar.

Starfshlutfall slökkviliðsstjóra er mismunandi. Frá því að vera 100% niður í 8,4% eins og það er í Grundarfjarðarbæ.

Eins og taflan sýnir er nokkuð mismunandi hvort sveitarfélög greiði fyrir bakvaktir vegna slökkviliða. Sum sveitarfélög, eins og t.d. Pingeyjarsveit, Vesturbyggð, Stykkishólmur og Snæfellsbær, greiða ekki fyrir bakvaktir. Síðan eru önnur sem greiða fyrir bakvaktir um helgar og svo enn önnur sem greiða alltaf fyrir bakvaktir utan reglulegs vinnutíma eins og Húnaþing vestra gerir.

REKSTUR BRUNAVARNA HÚNAÞINGS VESTRA

Í Brunavörnum Húnaþings vestra eru 25 hlutastarfandi slökkviliðsmenn auk slökkviliðsstjóra. Tveir af þeim eru varaslökkviliðsstjórar. Varaslökkviliðsstjóri leysir slökkviliðsstjóra af og stýrir aðgerðum þegar hann getur ekki sinnt þeim.

Annar af varaslökkviliðsstjórunum tekur bakvaktir á móti slökkviliðsstjóra.

Bakvaktir eru frá kl. 17:00 á virkum dögum til kl. 8:00 næsta virka dag. Alla daga vikunnar. Þannig hefst bakvakt kl. 17:00 á föstudegi og stendur til kl 8:00 á mánudagsmorgni. Slökkviliðsmaður á bakvakt annast einnig símsvörun fyrir

áhaldaþús, vöktun á búnaði hitaveitu og vatnsveitu, bilanir í sundlaug og vigtun á hafnarvog. Ekki er tekin yfirtíð ef eingöngu er hringt í þann sem er á bakvakt. Einnig hefur ekki verið skrifuð yfirtíð ef skreppa hefur þurft vegna lítilla viðvika í þjónustumiðstöð. Þjónustukaupi hafnarinnar borgar fyrir útkall eftir kl. 18:00 og til kl. 7:30 næsta morgun á virkum degi.

Um helgar borgar þjónustukaupi vegna hafnarinnar allt útkallið ef um slíkt er að ræða. Bakvöktum er skipt þannig að varaslökkviliðsstjóri tekur tvær vikur í einu og helgina á milli, slökkviliðsstjóri aðrar vaktir. Sá sem tekur bakvaktir á móti slökkviliðsstjóra er ekki með réttindi til að vigta á höfninni, því þarf að fá annan í útkall þurfi að vigta.

Þegar varaslökkviliðsstjóri er á vakt hringir hann í starfsmenn þjónustumiðstöðvar (áhaldaþúsi) til að sinna útköllum vegna hennar ef á slíku þarf að halda. Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðsstjóra gengur þetta fyrirkomulag ekki upp til lengdar. Ekki hefur verið gengið frá því hver vigtar og sinnir öðrum viðvikum gagnvart höfn, veitum, áhaldaþúsi og sundlaug þegar slökkviliðsstjóri er ekki á vakt.

Það myndi leysa ýmsan vanda ef opnunartími á höfninni væri ákveðinn sérstaklega. Sorphirðuverktaki hefur frítt spil hvenær hann vigtar. Hann þarf að reyna að stíla vigtun inn á dagvinnutíma en ekki er gerð krafa um það. Æskilegt væri að krafa væri um að vigtun færi fram á dagvinnutíma vegna verktakans.

Fimm menn í slökkviliðinu auk slökkviliðsstjóra geta sinnt bakvöktum. Þeir hafa allir lokið við stjórnendanámskeið. Slökkviliðsstjóri lendir sjaldan í því að enginn geti tekið bakvakt fyrir hann vegna réttindaleysis sem kom oft fyrir áður.

Tafla 2: Áætlaður kostnaður við bakvakt í heilt ár

	Bakvakt frá kl. 17:00 til kl. 8:00 næsta dag	Bakvakt frá kl. 17:00 á föstudegi til kl. 8:00 á mánudegi	Samtals	Orlof, 10,17%	Launa- tengd gjöld, 23,7%	Samtals
	7.935	29.095				
Kostnaður við bakvakt í eina viku	31.740	29.095	60.835	6.187	15.884	82.906
Kostnaður við bakvakt í 52 vikur	1.650.480	1.512.940	3.163.420	321.720	825.978	4.311.118

Heimild: Húnaþing vestra

Tafla 2 sýnir áætlaðan kostnað við bakvakt í heilt ár. Gert er ráð fyrir að vinnudegi ljúki kl. 17:00 og hefjist kl. 8:00. Í útreikninginn vantar kostnað vegna bakvakta á frídögum sem bera upp á virkan dag.

Eins og taflan sýnir eru greidd laun vegna bakvaktar á virkum dögum frá kl. 17:00 til kl. 8:00 næsta dag 7.935 kr. Auk þess þarf að greiða orlof og launatengd gjöld. Að því meðtöldu áætlast kostnaðurinn samtals 10.814 kr. fyrir þessa einu bakvakt. Miðað við vinnuviku án auka frídags þarf að greiða þetta í fjögur skipti eða samtals 43.256 kr. fyrir eina viku. Miðað við 52 vikur gerir þetta samtals 2.249 þús. kr. Helgarbakvakt, þ.e. frá kl. 17:00 á föstudegi til kl. 8:00 á mánudagsmorgni, kostar með öllu saman 39.651 kr. Í 52 vikur gerir það samtals vegna helgarvakta 2.062 þús. kr. Samtals áætlast kostnaður við eina bakvakt allt árið, frídagar sem ber upp á virkum dögum eru ekki meðtaldir, 4.311 þús. kr. Þannig má ljóst vera að nokkuð mikill kostnaður fellur til vegna bakvakta.

Slökkviliðsstjóri starfar í 50% starfi sem slökkviliðsstjóri og 50% í þjónustumiðstöð. Hann byrjar daginn í þjónustumiðstöð kl. 7:30 og er þar til kl. 11:30. Fer síðan til starfa

á slökkvistöð að afloknu hádegishléi og er þar við störf til kl. 16:00. Vegna ýmissa starfa í þjónustumiðstöð riðlast þetta vinnufyrirkomulag oft. Er stundum að vinna við verk í þjónustumiðstöð sem ekki er hægt að fara frá með góðu móti og þarf að ljúka við. Fram kom í viðræðum við slökkviliðsstjóra að skipting á vinnudegi á þennan hátt gerði vinnudaginn ekki eins markvissan og hann gæti verið ef unnið væri við sama starf í heilan dag.

Slökkviliðsstjóri fær fasta yfirtíð 4 klst. á mánuði vegna æfinga. Öll útköll utan dagvinnutíma eru greidd sérstaklega.

Slökkviliðsstjóri skilar inn tímaskýrslum vegna slökkviliðsins til launafulltrúa. Að jafnaði skrifar annar yfirmaður ekki upp á tímaskýrslurnar. Fram kom í máli slökkviliðsstjóra að hann hafi ekki átt reglulega fundi með sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfisviðs. Þeir hafa rætt lauslega saman um fyrirkomulag slíkra funda en ekki eru komnir á formlegir fundir. Eins og staðan er skapast óþægindi að hafa ekki yfirmann til að leita til að jafnaði. Það vantar vettvang til að koma málum á framfæri að sögn slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri hefur sem stendur bifreið til afnota. Bifreiðin tengist slökkviliði og höfn ásamt bakvöktum. Bifreiðin er ekki alltaf til afnota fyrir slökkviliðsstjóra. Þegar hann hefur hana ekki notar hann sína eigin bifreið. Þá er greitt fyrir hvern ekinn km skv. akstursbók. Áður en hann gat haft afnot af bifreið þjónustumiðstöðvar fékk hann greiddar fasta 150 km á mánuði. Í reynd hefur því fyrirkomulagi ekki verið sagt upp.

Fjórir bílar eru yfir veturinn í þjónustumiðstöð. Að sögn slökkviliðsstjóra ætti hann að geta notað eina af þeim bifreiðum. Fram kom í máli slökkviliðsstjóra að það væri óþægilegt að geta ekki haft bíl allt árið til afnota. Fram kom að betra væri að hafa annað hvort kerfið, þ.e. að annað hvort hefði hann alltaf bifreið sem hentar starfinu frá sveitarfélaginu eða hann notað alltaf sína bifreið og fengi þá greitt fyrir það.

Fram kom í máli slökkviliðsstjóra að hann hefði ekki getað sinn eldvarnareftirlitinu sem skyldi.

Tafla 3: Tekjur og gjöld vegna brunavarna hjá samanburðar sveitarfélögunum árið 2012 í þús. kr.

	Grundar- fjarðar- bær	Þing- eyjar- sveit ¹⁾	Bolungar- vík	Vestur- byggð ²⁾	Eyja- fjarðar- sveit	Sveitar- félagið Vogar	Stykkis- hólmur ³⁾	Húna- þing vestra	Sveitar- félagið Garður	Rangár- þing ytra	Sand- gerði	Snæ- fells- bær	Rangár- þing eystra	Dalvíkur- byggð
Íbúafjöldi 1. des. 2012	904	918+380	924	935	1.017	1.106	1.113+58	1.174	1.428	1.520	1.579	1.716	1.742	1.859
Tekjur	-422	-2.995	-4.558	-4.025				-2.370			-11.321	-630		-864
Laun	8.730	11.277	7.269	8.792			5.141	11.135			1.062	8.376		14.572
Annar rekstrarkostnaður	2.147	4.175	4.139	7.242	10.285	9.722	2.063	6.370	12.385	11.533	20.646	5.854	11.589	3.593
Aðkeypt eldvarnareftirlit	663	1.565					828					879		
Samtals án innri leigu	11.118	14.022	6.850	12.009	10.285	9.722	8.032	15.135	12.385	11.533	10.387	14.479	11.589	17.301
Innri leigu	4.295	10.015	5.694	3.397			8.664	1.850			6.016	3.799		2.685
Samtals með innri leigu	15.413	24.037	12.544	15.406	10.285	9.722	16.696	16.985	12.385	11.533	16.403	18.278	11.589	19.986

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög og Hagstofa Íslands varðandi íbúafjölda

Tafla 3 sýnir tekjur og gjöld vegna brunavarna hjá samanburðar sveitarfélögunum árið 2012 í þús. kr. Ef um samrekstur er að ræða og greiðslur frá sveitarfélagi færðar til tekna vegna þess eru þær tekjur ekki færðar hér með.

Til að fá fram samanburðahæfan kostnað eru gjöld færð með og án innri leigu. Er það gert vegna þess að sveitarfélög reikna innri leigu á mismunandi hátt. Með hliðsjón af

Því er það mat skýrsluhöfundar að betur fari á því að skoða kostnaðinn án innri leigu.

Eins og taflan sýnir eru útgjöld vegna brunavarna hjá þessum sveitarfélögum mismunandi. Liggur mismunurinn m.a. í starfshlutfalli slökkviliðsstjóra, hvort greitt er fyrir bakvaktir o.s.frv. Mismunur á þessu fyrirkomulagi kemur vel fram í töflu 1 hér að framan.

Af þessum sveitarfélögum voru heildarútgjöld án innri leigu næst hæst hjá Húnaþingi vestra. Hæst voru útgjöldin hjá Dalvíkurbyggð, sem er með 685 fleiri íbúa. Einungis Dalvíkurbyggð er einnig með hærri launakostnað en Húnaþing vestra.

Þegar annar rekstrarkostnaður er skoðaður hjá sveitarfélögum, sem ekki greiða þátttökugjöld vegna samrekinna slökkviliða, er sá útgjaldaliður einungis hærri hjá Vesturbyggð en hjá Húnaþingi vestra.

Af 6.370 þús. kr. vegna annars rekstrarkostnaðar hjá Húnaþingi vestra var varið 3.442 þús. kr. í minniháttar verkfæri og áhöld og vinnufatnað, eða sem nemur 54% af öðrum rekstrarkostnaði samtals. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir vegna þessa 1.540 þús. kr. Þannig fóru þessir liðir 1.902 þús. kr. fram úr fjárhagsáætlun. Þessi útgjöld, vegna verkfærakaupa og vinnufatnaðar, skýra mismuninn að hluta í samanburðinum við samanburðar sveitarfélögin. Hins vegar var liðurinn brunamál og almannavarnir í heild sinni innan fjárhagsáætlunar. Eftirfarandi eru athugasemdir slökkviliðsstjóra: *Þetta er ekki rétt. Vissulega var gert ráð fyrir 1540 þús. í fjárhagsáætlun en inn í þetta vantar endurgreiðslur á VSK sem var uppsafnaður hjá RSK og seld þjónusta. Samkomulag er um að þessar tekjur renni til tækjakaupa. Samanburðarárið er algjörlega á skjön við það sem er hefðbundið. Væri réttara að skoða fleiri ár aftur í tímann til þess að fá rétta mynd af þessum lið.*

Af tekjum samtals hjá Húnaþingi vestra, sem voru 2.370 þús. kr., voru 1.512 þús. kr. endurgreiðslur frá ríkissjóði. Þannig voru aðrar tekjur 396 þús. kr., sem er að mestu vegna seldrar þjónustu.

Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðsstjóra eru gjöld ekki innheimt að fullu eins og mögulegt er fyrir þjónustu Brunavarna Húnaþings vestra. Rétt er að fram komi að þó slíkt væri gert væri ekki um umtalsverðar fjárhæðir að ræða. Slökkviliðsstjóri hefur haft til skoðunar að gera tillögu um frekari innheimtu á þóknun fyrir þjónustu Brunavarna Húnaþings vestra.

Miðað við þennan samanburð koma Brunavarnir Húnaþings vestra ekki vel út, þ.e. útgjöld eru hærri en almennt gerist hjá samanburðar sveitarfélögunum.

Tafla 4: Skipting launa hjá Brunavörnum Húnaþings vestra árið 2012

		Meðtalin bakvakta- kostnaður sem færður var á þjónustumiðstöð
Föst laun slökkviliðsstjóra	2.614.087	2.614.087
Yfirvinna slökkviliðsstjóra	658.841	658.841
Laun slökkviliðsmanna	2.787.587	2.787.587
Bakvaktir samtals	2.743.219	3.744.631
Önnur laun	401.089	401.089
Launatengd gjöld	1.930.177	1.930.177
Samtals	11.135.000	12.136.412

Heimild: Húnaþing vestra

Tafla 4 sýnir skiptingu launa vegna Brunavarna Húnaþings vestra árið 2012. Samkvæmt upplýsingum frá sviðstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs var hluti af kostnaði vegna bakvakta á árinu 2012 færður á þjónustumiðstöð. Taflan sýnir jafnframt heildarkostnað vegna launa að teknu tilliti til bakvakta sem færðar voru á þjónustumiðstöðina.

Eins og fram kemur í töflunni er kostnaður vegna bakvakta hærri en launagreiðslur til slökkviliðsmanna samtals að undanskyldum launum slökkviliðsstjóra. Bakvaktirnar eins og þær eru sýndar eru ekki með launatengdum gjöldum sem sýnd eru sérstaklega. Ef launtengd gjöld vegna bakvakta á árinu 2012 eru tekin með var heildar kostnaðurinn vegna bakvakta á árinu 2012 um 4.300 þús. kr. Samkvæmt þessu nam kostnaður vegna bakvakta um 35% af heildar launakostnaði vegna Brunavarna Húnaþings vestra.

Tafla 5: Tekjur og gjöld íbúa vegna brunavarna hjá samanburðar sveitarfélögum árið 2012 í krónum

	Grundar- fjarðar- bær	Þing- eyjar- sveit ¹⁾	Bolungar- vik	Vestur- byggð ²⁾	Eyja- fjarðar- sveit	Sveitar- félagið Vogar	Stykkis- hólmur ³⁾	Húna- þing vestra	Sveitar- félagið Garður	Rangár- þing ytra	Sand- gerði	Snæ- fells- bær	Rangár- þing eystra	Dal- víkur- byggð
Íbúafjöldi 1. des. 2012	904	1.298	924	935	1.017	1.106	1.171	1.174	1.428	1.520	1.579	1.716	1.742	1.859
Tekjur	-467	-2.307	-4.933	-4.305	0	0	0	-2.019	0	0	-7.170	-367	0	-465
Laun	9.657	8.688	7.867	9.403	0	0	4.390	9.485	0	0	673	4.881	0	7.839
Annar rekstrarkostnaður	2.375	3.216	4.479	7.745	10.113	8.790	1.762	5.426	8.673	7.588	13.075	3.411	6.653	1.933
Aðkeypt eldvarnareftirlit	733	1.206	0	0	0	0	707	0	0	0	0	512	0	0
Samtals án innri leigu	11.565	9.597	7.413	12.844	10.113	8.790	6.152	12.892	8.673	7.588	6.578	7.925	6.653	9.307
Innri leigu	4.751	7.716	6.162	3.633	0	0	7.399	1.576	0	0	3.810	2.214	0	1.444
Samtals með innri leigu	16.316	17.313	13.576	16.477	10.113	8.790	13.551	14.468	8.673	7.588	10.388	10.139	6.653	10.751
1) Íbúum Skútustaðahrepps, 380, hefur verið bætt við íbúafjöldan þar sem slökkviliðið þjónar þeim einnig														
2) Slökkviliðsstjóri og vara slökkviliðsstjóri eru líka yfirmenn slökkviliðs Tálknafjarðar														
3) Íbúum Helgafellssveitar, 58, hefur verið bætt við íbúafjöldan þar sem slökkviliðið þjónar þeim einnig														

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög og Hagstofa Íslands varðandi íbúafjölda

Tafla 5 sýnir tekjur og gjöld á hvern íbúa vegna brunavarna hjá samanburðar sveitarfélögum árið 2012.

Þessi tafla gefur betri mynd af samanburðinum þar sem kostnaðurinn er á hvern íbúa í sveitarfélögum. Þegar launakostnaðurinn er skoðaður er einungis eitt sveitarfélag með hærri launakostnað á hvern íbúa í þessum samanburði en Húnaþing vestra. Er það Grundarfjarðarbær sem er fámennasta sveitarfélagið. Síðan er Vesturbyggð með örlítið lægri kostnað. Önnur sveitarfélög eru með nokkuð lægri launakostnað á hvern íbúa en Húnaþing vestra.

Sömuleiðis eru einungis eitt sveitarfélag með hærri annan rekstrarkostnað á hvern íbúa en Húnaþing vestra af þeim sem ekki greiða gjald vegna samreksturs brunavarna.

Samtals kostnaður að frádregnum tekjum án innri leigu á hvern íbúa var hæstur hjá Húnaþingi vestra af þessum sveitarfélögum, eða 12.892 kr. á hvern íbúa. Athygli vekur að kostnaðurinn var 6.152 kr. hjá Stykkishólmsbæ sem rekur einnig brunavarnir fyrir Helgafellssveit. Íbúarnir samtals í þessum tveimur sveitarfélögum (Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit) var þremur færri en í Húnaþingi vestra.

Af þessu má ljóst vera, a.m.k. í samanburði við útgjöld hjá samanburðar sveitarfélögum vegna brunavarna, eru útgjöldin há hjá Húnaþingi vestra.

Í töflunni hafa útgjöld á hvern íbúa hjá þeim sveitarfélögum sem eru í samrekstri með öðrum og greiða ákveðið gjald verið lituð rauð. Eins og þarna kemur fram eru útgjöldin hjá flestum þessara sveitarfélaga lægri en hjá hinum sveitarfélögum sem reka sjálf sínar brunavarnir.

Er þetta í samræmi við það sem skýrsluhöfundur hefur séð áður í sams konar samanburði á milli sveitarfélaga. Svo virðist sem hagur sé í því fyrir sveitarfélög að reka saman brunavarnir hvað varðar útgjöld. Útgjöldin virðast vera lægri hjá þeim sveitarfélögum.

HÚSNÆÐI, BIFREIÐAR OG BÚNAÐUR

Varðandi húsnæði, bifreiðar og búnað er vísað til þess kafla í Brunavarnaráætlun 2013 – 2017 fyrir Húnaþing vestra. Í þeim kafla er ítarlega fjallað um þessa þætti. Með vísan til þessa verður ekki fjallað ítarlega um einstaka þætti er varða húsnæði, bifreiðar og búnað í þessari skýrslu.

Varðandi húsnæði kemur fram að ekki er baðaðstaða fyrir slökkviliðsmenn á slökkvistöð. Það er mat skýrsluhöfundar að slík aðstaða sé nauðsynleg á slökkvistöð. Ætla verður að eftir bruna geti verið nauðsynlegt fyrir slökkviliðsmenn að getað skipt um föt og farið af slökkvistöð án brunalyktar o.s.frv.

Brunavarnir Húnaþings vestra hefur yfir að ráða fjórum bifreiðum. Gengið er út frá því að þessum bifreiðum hafi verið vel viðhaldið og þær hafi verið geymdir innandyra. Hjá litlum sveitarfélögum er fjárfesting í nýjum slökkvibílum stór ákvörðun þar sem slökkvibílar með öllum búnaði eru dýrir. Hægt er að fá notaða bíla erlendis frá en vart hægt að mæla með því sem endurnýjun þar sem þeir bílar eru komnir til ára sinna og strax komið viðhald á þá. Það er mat skýrsluhöfundar að hjá litlum sveitarfélögum á Íslandi, þegar keyptir eru nýir bílar, sé fjárfestingin til næstu 30 til 40 ára.

54 – 131 IVECO MAGIRUS DEUTS

4x4 slökkvibíll árgerð 1978, ekinn 19.960 km.

Sams konar bíll nýr kostar 30 til 40 millj. kr. Þessi árgerð '78 er algeng hjá slökkviliðum á Íslandi og eru svona bílar víða um land. Bifreiðin er aðeins ekin 19.960 km. Þannig er ljóst að hún er lítið notuð og á vel að geta nýst næstu fimm til sjö ár. Að því gefnu að búnaður hennar sé vel viðhaldið.

54 – 151 MAN 19-290 árgerð 1990

4x4 vatnsflutningabíll, ekinn 724.200 km.

Bifreiðin var áður notuð sem mjólkurbíll og er með 7.300 lítra vatnstank og Sigmunddælu sem afkastar 4.000 ltr/mín. Hann þjónar hlutverki sínu ágætlega eins og segir í brunavarnaráætluninni. Verð á samsvarandi bifreið eitthvað yngri er ca. 8-12 millj. kr. fyrir utan breytingar í að vera slökkvibifreið. Skýrsluhöfundur hefur nýverði gert úttekt á rekstri Ísafjarðarbæjar og þar með á brunavörnum bæjarins. Þar er sams konar bifreið hjá Ísafjaðrabæ árgerð 1980 og sinnir hlutverki sínu ágætlega. Sú bifreið var áður notuð sem mjólkurbíll og er 10 árum eldri en umrædd bifreið hjá Húnaþingi vestra.

54 - 161 CHEVROLET Pickup 4x4 árgerð 1991
Tækjabíll ekinn 16.500 km.

Þjónar hlutverki sínu ágætlega eins og segir í brunavarnaráætluninni. Verð á sams konar nýrri bifreið er ca. 8-10 millj. kr. fyrir utan innréttingar og nauðsynlegar breytingar. Bifreiðin er ekki mikið keyrð. Akstur hennar er ekki óalgeng árskeyrsla bifreiðar á höfuðborgarsvæðinu.

54 - 231 INTERNATIONAL HARVESTER
4x4 slökkvibíll árgerð 1977 ekinn 22.000 km. Áætlaður kostnaður á nýrri bifreið 30-40 millj. kr.

Slökkvibifreið með 1.850 ltr. vatnstank og dælu sem afkastar 3.000 ltr/mín og innbyggðum 200 ltr. froðutank. Þjónar hlutverki sínu ágætlega segir í brunavarnaráætluninni, þó vantar mikið uppá að vatnsmagn sé fullnægjandi miðað við aðstæður á þjónustusvæði hans sem er fyrrum Bæjarhreppur.

Bifreiðin er árgerð 1977 og ekinn 22.000 km. Af þessu er ljóst að þrátt fyrir háan aldur er bifreiðin lítið notuð. Aldur slökkvibifreiða er nokkuð afstæður vegna lítillar notkunar. Þannig að taka þarf þessa báða þætti til skoðunar þegar ákvörðun er tekin um að skipta bifreið út. Af hverju þarf að endurnýja bifreið ef hún sinnir hlutverki sínu ágætlega bara vegna þess að hún er orðin gömul?

Það er mat skýrsluhöfundar að þessi bifreið eigi alveg að geta komið að fullum notum næstu fimm til sjö ár. Rétt er að fram komi að skýrsluhöfundur hefur leitað álits fagaðila varðandi þessa niðurstöðu.

Varðandi annan búnað sem almennt virðist vera í nokkuð góðu lagi vísast í brunavarnaráætlun.

Eftirfarandi eru athugasemdir frá slökkviliðsstjóra:

Sjónarmið slökkviliðsstjóra varðandi slökkvibíla Brunavarna Húnaþings vestra.

Eftirfarandi greinagerð er sett fram miðað við fagþekkingu og reynslu undirritaðs ásamt því að vitnað er í Skýrslu faglegs starfshóps um fyrirkomulag magninnkaupa á slökkvibúnaði og útaks í brunamálum á vegum Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands frá árinu 1998.

Iveco Magirus slökkvibíll árg. 1978 ekinn 20.072 km.

Keyptur notaður 1995 uppgerður tjónabíll. 160 hö. loftkæld vél. Lágmarksviðmið útboðsgagna 1998 er 22 hö. á tonn, og þarf bíll í þessum stærðarflokki því að vera að lágmarki um 260hö. Hurðar lokast illa (skakkar, búið að reyna að laga). Yfirbygging aftan óþétt (mikið ryk og drulla inn um allt, tíðkaðist ekki áður að hafa þétt). Vatnsdæla í góðu standi en ekki með háþrýstiúttaki og slöngukefli sem er eitt af þeim atriðum sem menn telja algeran lágmarksbúnað í slökkvibíl í dag og mikið öryggisatriði fyrir reykafara, og algjört frumskilyrði ef um lífbjörgun er að ræða ásamt fyrsta viðbragði á vettvangi.

Man 1.190 tankbíll árg. 1990 ekinn 724.499 km.

Keyptur notaður 2004 (gamall mjólkurbíll). Bíllinn er í góðu standi og hentar ljómandi vel fyrir sitt hlutverk sem er að flytja vatn. Bíllinn hefur þó verið meira og meira notaður sem fyrsti slökkvibíll í eldútköll og Iveco sem viðbótar aðstoð.

Chevrolet tækjabíll árg. 1991 ekinn 17.067 km.

Keyptur nýr (eini bíll liðsins sem hefur verið keyptur nýr). Bíllinn er í toppstandi sem sýnir svart á hvítu muninn á því að kaupa notað og nýtt. Eins og með aðra bíla liðsins er hann þó barn síns tíma og hefur sínar takmarkannir. Bíllinn er aðeins 2ja dyra með „einu og hálfu“ húsi og því þröngt afturí, burðargeta bílsins er nýtt í hámark (reyndar yfir hámarki) vegna þess að sá búnaður sem þarf til þess að sinna björgunarstörfum t.d. á vettvangi umferðarslysa er fyrirferðamikill og þungur. Stærsti galli bílsins er þó sá að slökkvibúnaður samanstendur eingöngu af tveimur 12 kg. duftslökkvitækjum, þyrfti ef vel ætti að vera a.m.k. 1000 ltr. af vatni eða öðrum slökkvimiðli. Þegar við förum í umferðaslys „tökum við því sénsinn“ á að ekki kvikni í á vettvangi, tökum þó tankbíl með ef eldur er laus í bíl, eins köllum við til tankbíl þegar mikið þarf að þrifa upp á vettvangi.

Þrátt fyrir að tveir bílar liðsins séu lítið keyrðir er ekki hægt að horfa framhjá þeirri staðreynd að búnaður þeirra stenst engan veginn þær lágmarkskröfur sem gerðar eru slíkra bíla í dag og standast ekki einu sinni þær kröfur sem gerðar voru til slíkra bíla í fyrrgreindri skýrslu frá 1998.

Tillögur

1. TÍMASETT VERKÁÆTLUN

Lagt er til að slökkviliðsstjóri geri tímasetta verkáætlun yfir þau verk sem þarf að vinna og henni verði fylgt eftir.

Það er mat skýrsluhöfundar að það myndi gera vinnu slökkviliðsstjóra auðveldari og markvissari ef fyrir lægi tímasett áætlun um framkvæmd þeirra verka sem þarf að vinna og að henni verð fylgt eftir. Bæði er um að ræða reglubundin verk og verk sem þarf að vinna en er eftir að ljúka eins og fram kemur í Brunavarnaráætlun Húnaþings vestra 2013 – 2017. Gerð verði áætlun um eldvarnareftirlit. Má sem dæmi nefna að 58 byggingar eiga að skoðast einu sinni á ári. Hugsa má t.d. að í hverri viku sé ein bygging skoðuð. Fyrir liggi hvaða byggingu eigi að skoða í viku hverri o.s.frv.

Samkvæmt Brunavarnaráætluninni kemur fram að eftir er að vinna eftirtalda þætti, sem allir eru mikilvægir. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða:

- ✓ Áhættumat
- ✓ Viðbragðsáætlun
- ✓ Mengunar- og slökkvíaætlun
- ✓ Samningar við önnur slökkvilið
- ✓ Upplýsingar um bæi í dreifbýli í fyrrum Bæjarhreppi
- ✓ Upplýsingar um vatnsból í fyrrum Bæjarhreppi

Hér er lagt til að gerð verði nákvæm tímasetning um hvenær þessi verk verði unnin og þeim raðað í forgangsörð. T.d. má nefna að það hlýtur að vera forgangsverkefni að unnið verði áhættumat fyrir sveitarfélagið og séð til þess að fyrir liggi upplýsingar fyrir allt sveitarfélagið um hvar hægt sé að ná í vatn komi upp brunni. Það er mat skýrsluhöfundar að verði sett upp tímasett áætlun eigi hún að vera framkvæmanleg með stöðugildi slökkviliðsstjóra í 50% starfi. Því er ekki lagt til hér að starfshlutfall slökkviliðsstjóra verði aukið.

2. VINNUTÍMI SLÖKKVILIÐSSTJÓRA

Lagt er til að skoðað verði hvort störf slökkviliðsstjóra yrðu markvissari ef hann ynni tvo heila og einn hálfan dag í viku hverri við brunavarnir í stað hálf dags alla virka daga vikunnar eins og nú er.

Fram kom í viðræðum við slökkviliðsstjóra að honum fyndist hann vera nokkuð tættur í vinnu með það fyrirkomulag sem nú er. Hann byrjar að vinna á morgnana í þjónustumiðstöð en fer svo eftir hádegi að vinna við brunavarnir. Oft kæmi upp atvik þar sem erfitt væri að fara frá verki þjónustumiðstöðvar, sem kæmi þá niður á störfum við brunavarnir.

Hér er lagt til að skoðað verði að slökkviliðsstjóri starfaði tvo heila daga og einn hálfan í viku hverri hjá þjónustumiðstöð og síðan tvo heila og einn hálfan við brunarnir. Verði það niðurstaðan að þetta sé betra fyrirkomulag verði því hrint í framkvæmd.

3. NÆSTI YFIRMAÐUR SLÖKKVILIÐSSTJÓRA

Lagt er til að skoðað verði hvort ekki sé æskilegt að sveitarstjóri sé næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra.

Samkvæmt skipuriti fyrir Húnaþing vestra heyrir slökkviliðsstjóri, sem á að hafa eftirlit með ákveðnum öryggisþáttum hjá sveitarfélaginu, undir þann aðila sem gæti þurft að bregðast við athugasemdum slökkviliðsstjóra og sjá til þess að þessir þættir séu í lagi. Þó þetta gangi dagsdaglega er ekki hægt að mæla með slíku fyrirkomulagi.

Öryggis- og brunamál er einn af mikilvægum þáttum í þjónustu sveitarfélaga. Því verður að ætla að mikilvægt sé að sveitarstjóri, sem jafnframt situr sveitarstjórnarfundum, hafi upplýsingar um alla þessi þætti frá fyrstu hendi. Einnig gætu komið upp atvik t.d. um fjárútlát sem þyldu lítila bið og önnur ýmis mál, sem betur færi á því að slökkviliðsstjóri gæti rætt beint og milliliðalaust við sveitarstjóra.

Það er mat skýrsluhöfundar að æskilegt sé að slökkviliðsstjóri heyrir beint undir sveitarstjóra. Með hliðsjón af framanrituðu er þetta lagt til þrátt fyrir að nýtt skipurit, sem gerir ekki ráð fyrir þessu fyrirkomulagi, hafi verið samþykkt í byrjun þessa árs (2013).

4. REGLULEGIR FUNDIR

Lagt er til að slökkviliðsstjóri eigi reglulega fundi, t.d. vikulega, með sínum næsta yfirmanni.

Mikilvægt er að slökkviliðsstjóri geti haft og eigi reglulegan aðgang að sínum næsta yfirmanni. Með því getur hann rætt þau mál sem þarfnast úrbóta eða betur mættu fara í bruna- og öryggismálum í sveitarfélaginu.

Fram kom í viðræðum við slökkviliðsstjóra að þennan vettvang hafi vantað hjá sveitarfélaginu. Hér er lagt til að úr því verði bætt.

5. BAKVAKTIR

Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að hætt verði að greiða fyrir bakvaktir a.m.k. á virkum dögum.

Eins og fram hefur komið er nokkuð mismunandi hvort sveitarfélög greiði fyrir bakvaktir vegna slökkviliða og þá hvernig. Sum sveitarfélög, eins og t.d. Þingeyjarsveit, Vesturbyggð, Stykkishólmur og Snæfellsbær, greiða ekki fyrir bakvaktir. Síðan eru önnur sem greiða fyrir bakvaktir um helgar og svo enn önnur sem greiða alltaf fyrir bakvaktir utan reglulegs vinnutíma eins og Húnaþing vestra gerir.

Hér er lagt til að þetta verði tekið til skoðunar og þá hvort örygginu væri betur borgið með því að verja þessu fjármunum í annað í öryggismálum standi vilji til þess.

6. SAMÞYKKI Á TÍMASKÝRSLU

Lagt er til að næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra samþykki tímaskýrslur hans.

Leggja ber áherslu á að næsti yfirmaður samþykki alltaf allar tímaskýrslur undirmanna sinna áður en þær fara til launafulltrúa. Einnig er æskilegt að yfirmaður samþykki launagreiðslur til undirmanna áður en laun eru greidd út. Hér er lagt til að þessi háttur verði hafður á varðandi slökkviliðsstjóra. Skoðað verði að þessi regla gilda fyrir alla starfsmenn sveitarfélagsins.

7. AKSTUR SLÖKKVILIÐSSTJÓRA

Lagt er til að bifreiðanot slökkviliðsstjóra verði sett í ákveðinn farveg.

Það skapar ákveðin vandamál fyrir viðkomandi starfsmann ef sveitarfélagið skaffar viðkomandi bifreiða stundum og stundum ekki. Þegar starfsmaðurinn hefur ekki bifreið til afnota þarf hann sjálfur að nota sína eigin bifreið. Svona fyrirkomulag getur ekki verið gott fyrir viðkomandi. Því er lagt til hér að tekin verði ákvörðun um að annað hvort hafi slökkviliðsstjóri alltaf bifreið til afnota eða hann leggi sjálfur til bifreið.

8. VIGTUN Á SORPI

Lagt er til að kannað verði hvort ekki sé hægt að setja ákvæði inn í samning við verktaka um sorp, að öll vigtun á sorpi á hafnarvigt fari fram á dagvinnutíma og á virkum degi.

Mikilvægt er að öll slík atriði eins og vigtun sé í föstum skorðum. Hér er lagt til að tryggt verði að vigtun vegna sorps fari fram á dagvinnutíma og á virkum degi. Ákvæði gæti verið í samningi, að ef verktaki óskar eftir vigtun eftir dagvinnutíma lýkur, þurfi hann að greiða fyrir útkall vegna þess eins og aðrir.

Nauðsynlegt er að í verktakasamningi séu sett inn ákvæði um kvaðir varðandi svona þætti. Þannig að verktaki geti t.d. ekki kallað eftir vigtun á hvaða tíma sem er eftir hentisemi hans.

9. OPNUNARTÍMI HAFNAR

Lagt er til að opnunartími hafnarinnar verði ákveðinn sérstaklega. Jafnframt ef þjónustukaupi þarf á þjónustu hafnarinnar að halda utan opnunartíma þurfi beiðni þar um að berast á opnunartíma hafnarinnar.

Hér er lagt til að opnunartími hafnarinnar verði skilgreindur og þá á dagvinnutíma. Ef þjónustukaupi þarf þjónustu hafnarinnar utan dagvinnutíma þarf beiðni þar um að berast á opnunartíma þannig að hægt sé að gera ráðstafanir fyrirfram. Ekki sé verið að halda úti bakvakt vegna þessa enda verður að ætla að almennt sé vitað með góðum fyrirvara hvenær bátur eða skip koma í höfn.

10. GJALDTAKA

Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að innheimta frekari gjöld fyrir þjónustu Brunavarna Húnaþings vestra.

Hér er lagt til að skoðað verði hvort til greina komi að innheimta frekari gjöld fyrir þjónustu Brunavarna Húnaþings vestra. Rétt er að fram komi að innheimta á frekari gjöldum mun líklega ekki hafa mikil áhrif á afkomuna.

11. STURTUR

Lagt er til að gerðar verð ráðstafanir til þess að slökkviliðsmenn geti farið í sturtu á slökkvistöð.

Mikilvægt verður að telja að slökkviliðsmenn geti komist í sturtu eftir störf sín. A.m.k. að boðið sé upp á slíka aðstöðu á slökkvistöð.

12. ÁÆTLUN TIL 10 ÁRA UM ENDURNÝJUN Á BIFREIÐUM

Lagt er til að gerð verði áætlun til næstu 10 ára um endurnýjun á bifreiðum brunavarna Húnaþings vestra.

Það er mat skýrsluhöfundar að elstu bifreiðar slökkviliðsins eiga að geta nýst a.m.k. næstu fimm til sjö ár. Með hliðsjón af því er hér lagt til að gerð verði áætlun til næstu 10 ára um að skipta bifreiðum brunavarna Húnaþings vestra út fyrir nýja eða nýlegar bifreiðar. Gert verði ráð fyrir að fyrsta bifreiðin, ný eða nýleg, kæmi eftir um það bil fimm ár.

13. SAMEINING SLÖKKVILIÐA

Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að sameina slökkvilið Húnaþings vestra við annað slökkvilið.

Komið hefur fram að samrekstur slökkviliða hefur í mörgum tilfellum reynst sveitarfélögum ódýrar sé það mögulegt frekar en að hvert sveitarfélag sé að reka sitt slökkvilið.

Hér er lagt til að þetta verði kannað.

Lokaorð

Leggja ber áherslu á að Brunavarnaráætlun fyrir Húnaþing vestra fái samþykki Mannvirkjastofnunar. Eins og fram kemur í brunavarnaráætlun, sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn, vantar nokkuð upp á að ýmsir öryggisþættir séu eins og vera ber. Gera má ráð fyrir að Mannvirkjastofnun vilji sjá að þeim verði hrint í framkvæmd áður en stofnunin samþykkir áætlunina eða a.m.k. að fyrir liggi tímasett áætlun um hvenær þessum þáttum verði hrint í framkvæmd og þeim lokið. Leggja verður áherslu á að gerð verði tímasett áætlun um framkvæmd þessara þátta og henni verði fylgt eftir.

Það er mat skýrsluhöfundar að útgjöld við brunavarnir í Húnaþingi vestra séu há, a.m.k. í samanburði við það sem er hjá samanburðar sveitarfélögunum. Þar af leiðandi komi til álita hvort draga megi úr þeim kostnaði eða skoðað hvort örygginu sé betur mætt með því að verja peningunum, sem fara í málaflokkinn, á annan hátt en nú er gert t.d. varðandi bakvaktakostnað o.s.frv.

Ekki er ástæða til, að mati skýrsluhöfundar, að auka umsvif Brunavarna Húnaþings vestra. Ef það er mat manna að auka þurfi útgjöld vegna ákveðinna þátta vegna brunavarna sveitarfélagsins þá eigi það að gerast með því að draga úr kostnaði á öðrum liðum brunavarna sveitarfélagsins. Miðað við niðurstöðu samanburðar á rekstri samanburðar sveitarfélaganna er ekki hægt að mæla með að heildarútgjöld Brunavarna Húnaþings vestra verði aukin að öllu öðru óbreyttu.

Reykjavík, 11.10.2013,

Haraldur L. Haraldsson,
hagfræðingur